



# Margt býr í orðinu

## Rökleikir og heilabryótar

### Markmið

Að efla þekkingu á orðum sem hafa ólíka merkingu og skilning.

### Aldur

Yngsta stig grunnskóla.

### Gögn

Engin.

### Mat á framkvæmd

### Leiklýsing

Kennarinn finnur orð sem hefur fleiri ein eina merkingu. Kennarinn gefur þrjár vísbendingar um orðin. Nemendur mega ræða saman en sá sem réttir fyrstur upp hönd fær svarréttinn.

Dæmi ef orðið væri *mús*:

- Ég er lítið spendýr og á oft heima í haga
- Ég hjálpa þér í tölvunni svo þú getir smelt á það sem þú vilt skoða
- Þegar kartöflur eru stappaðar verða þær að ...

### Aðrar útfærslur

Einnig er hægt að nota orðin:

- Hæð
- Pera
- Horn
- O.s.frv

Það er líka hægt að nota orð sem hafa tvær vísbendingar.

Það er vel hægt að leyfa nemendum að spreyta sig á að finna orð og vísbendingar sem eiga við þau.